

**Nd.**

**913. Þingsályktun**

út af vixilskuldum á Austfjörðum vegna sildareinkasölu Íslands frá 1931.

(Afgreidd frá Nd. 1. júní).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það við bankana, vegna hinna sérstöku ástæðna og erfiðleika viðkomandi manna, að frestað verði vixilmálunum gegn útgefendum og samþykkjendum sildarvixla út af viðskiptum sildareinkasölnunnar við austfirzka sildarútflytjendur 1931, svo sem með framlengingarvixlum, þar til úrlausn fæst um viðskipti þessi, að nánar athuguðu máli.